

Skýrsla starfshóps menningar- og ferðamálaráðs um verklagsreglur styrkveitinga ráðsins fyrir árið 2017 kynnt á fundi menningar- og ferðamálaráðs þ. 22. 8. 2016

Starfshópurinn var skipaður skv. erindisbréfi á fundi menningar og ferðamálaráðs 9. maí 2016. Formaður og ábyrgðarmaður var Elsa Yeoman formaður menningar- og ferðamálaráðs og aðrir í starfshópnum Margrét M. Norðdahl og Börkur Gunnarsson menningar- og ferðamálaráði. Starfsmaður hópsins var Signý Pálsdóttir, skrifstofustjóri menningarmála MOF. Hlutverk hópsins var að endurskoða verklagsreglur menningar- og ferðamálaráðs um styrkveitingar og koma með tillögur til ráðsins um gerð nýrra.

Helstu verkefni:

1. Fara yfir gildandi styrkjareglur borgarinnar
2. Fara yfir gildandi verklagsreglur menningar- og ferðamálaráðs
3. Fara yfir aðgerðaráætlun menningarstefnu
4. Fara yfir ábendingar frá BÍL og faghópum um styrki
5. Skoða nýmæli við verklag með hliðsjón af sambærilegum úthlutunarnefndum innanlands og á Norðurlöndum
6. Athuga hvort bæta þurfi fleiri skilyrðum við styrkveitingar ráðsins en eru í styrkjareglum borgarinnar
7. Gera tillögur að sérstökum áherslum ráðsins í styrkveitingum v. ársins 2017
8. Gera tillögur að hvers konar styrkir eru veittir (s.s. verkefnastyrkir, þróunarstyrkir, styrkir til almennrar liststarfsemi, sérstakar viðurkenningar s.s. Tónlistarhópur Reykjavíkur, myndrík miðlun, skyndistyrkir og langtímasamningar)
9. Gera tillögur að því hvernig Borgarhátíðasjóður verði skilgreindur og hvernig úthlutað verði úr honum
10. Gera tillögur að því hvernig farið verður með umsóknir um langtímasamninga og hvort einhver styrkt starfsemi verði að sérstökum kostnaðarstöðum á fjárhagsáætlun
11. Fara sérstaklega yfir skipan, verklag og verkvið ráðgefandi faghóps

Jafnframt var nefnt í skipunarbréfi að ráðgjöf og samstarf mætti hafa við Bandalag íslenskra listamanna, Hönnunarmiðstöð og Höfuðborgarstofu. Gert var ráð fyrir skilum á fundi menningar- og ferðamálaráðs 8. ágúst 2016. Hópurinn hefur fundað 12 sinnum og unnið þess í milli.

Helstu breytingatillögur í hnotskurn:

- Lagt er til að **Bío Paradís** og **Marshallhús (Nýlistasafnið, Kling og Bang)** ásamt **Hönnunarmiðstöð** verði sérstakir kostnaðarstaðir á fjárhagsáætlun til viðbótar við önnur menningarhús sem þar eru fyrir og flytjist þar með úr almennu styrkjaferli.
- Auglýst verði sérstaklega eftir nokkrum lykilhátíðum sem fá viðurkenninguna **Borgarhátíð Reykjavíkur 2017 – 2019** með sérstöku fjárframlagi og samningi til þriggja ára að uppfylltum skilyrðum. Þær yrðu sérstakt verkefni innan styrkjarammans.
- Í stað Tónlistarhóps Reykjavíkur komi **Listhópur Reykjavíkur**.

Niðurstaða hópsins skv. lista yfir helstu verkefni:

1. Fara yfir gildandi styrkjareglur borgarinnar.

Var gert. Starfshópurinn gerir ekki tillögu að breytingum á styrkjareglum Reykjavíkurborgar að svo stöddu en leggur til að fulltrúar allra fagráð borgarinnar komi saman og rýni styrkjareglur í heild sinni og meti hvort/hvernig betur mætti fara. Menningar- og ferðamálaráð hefur árlega gert tillögu að því hvernig aðlaga mætti almennu styrkjareglurnar að sínu sviði með verklagsreglum styrkveitinga ráðsins og væntir þess að önnur svið geri hið sama.

2. Fara yfir gildandi verklagsreglur menningar- og ferðamálaráðs .

Var gert ítarlega. Gerðar voru tillögur að nokkrum breytingum frá verklagsreglum fyrir starfsárið 2016. Auk orðalagsbreytinga eru helstu breytingar þær að í stað Tónlistarhóps Reykjavíkur sem efnt var til á öðrum forsendum komi Listhópur Reykjavíkur til þess að gæta jafnræðis. Að auki er lagt til að í stað Borgarhátíðasjóðs verði skilgreindar borgarhátíðir sbr. fylgiskjal B. Verklag faghóps breytist til samræmis. Trúnaði skal gætt um skipan faghóps þar til úthlutun er lokið.

3. Fara yfir aðgerðaráætlun menningarstefnu.

Var gert. Lagt er til að aðgerðaráætlun menningarstefnu 2016 gildi áfram vegna 2017.

4. Fara yfir ábendingar frá BÍL og faghópum um styrki.

Var gert. Ekki er talið gerlegt að hafa úthlutun tvisvar á ári vegna fjárhagsáætlunar. Aðeins verði því um eina úthlutun að ræða 2017. Gætt verði trúnaðar um skipun faghóps. Tekið verður tillit til ábendingar um að veita ekki styrkjum í sjóði með sérstaka úthlutunarnefnd. Staðinn verður vörður um almennar styrkveitingar og stefnt að því að koma skyndistyrkjum á aftur þegar betur árar. Aðrar athugasemdir eiga ekki heima undir verklagsreglum.

5. Skoða nýmæli við verklag með hliðsjón af sambærilegum úthlutunarnefndum innanlands og á Norðurlöndum.

Var skoðað og höfð til hliðsjónar samantekt skrifstofu menningarmála um styrkveitingar á Norðurlöndum og innanlands sem kynnt var á fundi ráðsins 14.3.2016. Rætt hvort pólitískir fulltrúar verði hluti ráðgefandi faghóps en niðurstaðan að svo verði ekki.

6. Athuga hvort bæta þurfi fleiri skilyrðum við styrkveitingar ráðsins en eru í styrkjareglum borgarinnar.

Var gert. Á einungis við um nýja tillögu að borgarhátíðum sbr. fylgiskjal b.

7. Gera tillögur að sérstökum áherslum ráðsins í styrkveitingum v. ársins 2017.

Var gert. Sjá fylgiskjal a „Drög að verklagsreglum um styrkveitingar menningar og ferðamálaráðs 2017.“

8. Gera tillögur að hvers konar styrkir eru veittir

Var gert. Sjá fylgiskjal a „Drög að verklagsreglum um styrkveitingar menningar og ferðamálaráðs 2017.“

9. Gera tillögur að því hvernig Borgarhátíðasjóður verði skilgreindur og hvernig úthlutað verði úr honum.

Drjúgur hluti vinnu starfshóps var varinn til þessa verkefnis. Niðurstaðan var sú að ekki yrði talað lengur um sérstakan sjóð heldur lagt til að valdar yrðu nokkrar lykilhátíðir sem fengju viðurkenninguna Borgarhátíð Reykjavíkur 2017 – 2019 með sérstöku fjárframlagi og samingi að uppfylltum skilyrðum. Þær yrðu sérstakt verkefni innan styrkjarammans. Sjá fylgiskjal b.

10. Gera tillögur að því hvernig farið verður með umsóknir um langtímasamninga og hvort einhver styrkt starfsemi verði að sérstökum kostnaðarstöðum á fjárhagsáætlun.

Var gert. Lagt er til að stuðningur Reykjavíkurborgar við rekstur þeirra sjálfstæðu menningarhúsa sem metin eru mjög mikilvæg fyrir menningar- og listalífið í borginni, verði tekinn út úr hefðbundnum styrkjafarvegi. Markmiðið er að tryggja meira rekstraröryggi og samfellu á meðan menningarstefna Reykjavíkur setur umræddan rekstur svo ofarlega á forgangslista. Í öllum tilfellum væri um að ræða hús sem helguð eru listsköpun og/eða menningarlegri miðlun sem atvinnulistamenn standa að. Lagt er til að Bíó Paradís og Marshallhús (Nýlistasafnið, Kling og Bang) ásamt Hönnunarmiðstöð verði sérstakir kostnaðarstaðir á fjárhagsáætlun til viðbótar við önnur menningarhús sem þar eru fyrir.

11. Fara sérstaklega yfir skipan, verklag og verksvið ráðgefandi faghóps.

Var gert. Ekki gerð tillaga að breytttri skipan nema hvað viðkemur borgarhátíðum, þar sem lagt er til að menningar- og ferðamálaráðs velji nokkrar lykilhátíðir sem fari þar með úr almennum styrkjafarvegi og fellur því viðbótarklausa um sérstaka ráðgjafa varðandi Borgarhátíðasjóð burt. Verksviðið breytist að umfangi til samræmis við hjálagðar verklagsreglur fyrir árið 2017 og tillögu að borgarhátíðum. Trúnaður ríki um skipan ráðgefandi faghóps þar til úthlutun hefur átt sé stað.

Formaður og starfsmaður hópsins áttu ráðgefandi fundi með forseta Bandalags íslenskra listamanna, framkvæmdastjóra Hönnunarmiðstöðvar og forstöðumanni Höfuðborgarstofu. Þær komu allar með afar gagnlegar ábendingar sem skiluðu sér í vinnu hópsins.

Sjá fylgiskjöl

- a. Drög starfshóps að verklagsreglum um styrki 2017
- b. Borgarhátíðir Reykjavíkur 2017 - 2019